



# 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

**Ríkisendurskoðun**

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2019



Desember 2020

# Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings fjárlagaliðar 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi fyrir árið 2019.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi fjárlagaliðarins og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskila. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur fjárlagaliðar 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi sem áður tilheyrði velferðarráðuneyti og var 08-398 hefur ekki verið endurskoðaður sérstaklega undanfarin ár.

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	2	5.4	Innflytjendur og móttaka flóttamanna (149) .....	11
1 Ábendingar og athugasemdir .....	4	5.5	Velferðarstyrkir á sviði félagsmála (196) .....	12
Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingu og athugasemd:.....	4	5.6	Ýmis framlög velferðarráðuneytis (198).....	13
2 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum .....	5	5.7	Niðurstöður/ábendingar.....	13
2.1 Viðbrögð ráðuneytis vegna fjárlagaliðar 07-999.....	5	6	<b>Endurskoðun efnahagsliða .....</b>	<b>14</b>
3 Fjárveiting og rekstur .....	6	6.1	Eignir.....	14
3.1 Fjárveitingar .....	6	6.2	Eigið fé og skuldir.....	14
3.2 Rekstraráætlun.....	7	6.3	Niðurstöður/ábendingar.....	14
3.3 Niðurstöður/ábendingar.....	7	7	<b>Önnur atriði .....</b>	<b>15</b>
4 Innra eftirlit .....	8	7.1	Samþykkt ársreiknings.....	15
4.1 Inngangur .....	8	7.2	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	15
4.2 Umfjöllun .....	8	7.3	Lögfræðibréf.....	15
4.3 Niðurstöður/ábendingar.....	8	7.4	Óhæðisyfirlýsing.....	15
5 Endurskoðun rekstrarliða.....	9			
5.1 Kostnaður skv. 15.gr. laga nr.40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga /110).....	9			
5.2 Fjölskyldumál, ýmis verkefni (121) .....	10			
5.3 Samningur um aðstoð við þolendur ofbeldis og rekstur athvarfa (142) 10				

# 1 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingu og athugasemd:

1

## Röng lotun

Gerð er athugasemd við ranga lotun á greiðslu samkvæmt samningi við Kópavogsbæ. Um var að ræða kostnað sem féll til á árinu 2020 sem var greiddur og gjaldfærður í lok ársins 2019. Gildistími samningsins var frá og með 1. janúar 2020.

2

## Tegundaflokkar fjárlaga

Bent er á að laga mætti skiptingu á milli tegundaflokka fjárlaga á viðfanginu 149 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna.

## 2 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

### 2.1 Viðbrögð ráðuneytis vegna fjárlagaliðar 07-999

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá félagsmálaráðuneyti vegna ábendinga og athugasemda sem gerðar eru vegna endurskoðunar ársins 2019 í þessari skýrslu, sjá niðurstöður í kafla 1.

#### 1. Röng lotun

„Eins og kom fram í svörum ráðuneytisins þann 21. ágúst sl. við spurningum Ríkisendurskoðunar hefur skolest til með fyrstu greiðslu samnings við Kópavogsbæ og hún lenti á árinu 2019 í stað ársins 2020. Ekki reyndist unnt að bregðast við þessari gjaldfærslu í tíma m.t.t. ársreiknings fyrir árið 2019, en tekið skal fram að hér er um algert undantekningartilvik að ræða.“

#### 2. Tegundaflokkar fjárlaga

„Ábending þessi verður tekin til skoðunar og lagfæringar gerðar eins og þurfa þykir.“

## 3 Fjárveiting og rekstur

### 3.1 Fjárveitingar

Fjárveiting í fylgiriti með fjárlögum ársins 2019 nam 1.717,2 m.kr. vegna fjárlagaliðar 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Fjárlagaliðurinn fellur undir málaflokka: 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn, 29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna og 32.40 Stjórnsýsla félagsmála.

Fjárlagaliðurinn inniheldur eftirfarandi viðföng:

110 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr.40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga

121 Fjölskyldumál, ýmis verkefni

142 Samningar um aðstoð við þolendur ofbeldis og rekstur athvarfa

149 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna

196 Velferðarstyrkir á sviði félagsmála

#### 3.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting samkvæmt fylgiriti fjárlaga ársins 2019 nam 1.717,2 m.kr. Millifærslur af fjárlagaliðnum á aðra fjárlagaliði námu 38 m.kr., þar af voru 30 m.kr. millifærðar á fjárlagalið 07-400 Barnaverndarstofa vegna samnings um „ART – verkefnið“ og 8 m.kr. fjárheimild var millifærð innan málaflokks. Í fjárukalögum voru framlög til liðarins lækkuð um 30 m.kr. Endanleg fjárveiting til rekstrar ársins 2019 nam því 1.649,2 m.kr.

Rekstrargjöld fjárlagaliðarins námu 1.496,5 m.kr. á árinu 2019 eða 152,8 m.kr. lægri en fjárveiting ársins eða um 9,3%. Rekstrargjöld hækka um 631,3 m.kr. milli ára.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingu og rekstri á árinu 2019:

**Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2019**

Í þús. kr.	Fjárveiting 2019	Rekstur 2019	Frávik 2019	Rekstur 2018
Launagjöld	66.900	15.791	51.109	19.048
Önnur rekstrargjöld	838.800	378.055	460.745	116.713
Rekstrartilfærslur	743.500	1.102.602	-359.102	729.412
<b>Samtals</b>	<b>1.649.200</b>	<b>1.496.448</b>	<b>152.752</b>	<b>865.173</b>

Fjárveiting frá fyrra ári var að hluta til felld niður í árslok um 25,4 m.kr. Um var að ræða útgjöld 49,9 m.kr. umfram fjárveitingu á viðfangi 121 Fjölskyldumál, ýmis verkefni og 105,2 m.kr. umfram fjárveitingu á viðfangi 149 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna. Á móti voru 129,7 m.kr. ónotaðar fjárveitingar á lið 110 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr.40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga felldar niður.

### 3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Rekstraráætlun fjárlagaliðar 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi var skráð í nýtt áætlunarkerfi AKRA en skilaði sér ekki rétt yfir í Orra.

Samkvæmt upplýsingum úr ráðuneytinu þá var vörpunarvandi milli AKRA kerfisins og Orra og átti þetta sérstaklega við um þau stofnananúmer sem innihéldu viðföng sem skiptust á milli ráðuneyta við uppstokkun eða færðust milli stofnananúmera. Um var að ræða byrjunarörðugleika í AKRA kerfinu tæknilegs eðlis sem komu upp og ekki tókst að leysa þrátt fyrir mikla samvinnu ráðuneytis og Fjársýslunnar.

Niðurstaða rekstraráætlunar í Orra sýnir 1.034,8 m.kr. rekstrarhalla fyrir árið 2019 en tekjuafgangur fyrir fjárhagsárið 2019 var 152,8 m.kr.

### 3.3 Niðurstöður/ábendingar

Tekjuafgangur ársins 2019 nam 152,8 m.kr. sem kemur til hækkunar höfuðstóls. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins en skoða þarf lestur á milli tölvukerfanna AKRA og Orra og tryggja að gögn flytjist með réttum hætti milli kerfa.

Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins en skoða þarf lestur á milli tölvukerfanna AKRA og Orra þannig að tryggt sé að gögn skili sér að fullu inn í Orra.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Ráðuneytisstjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum. Ríkisendurskoðun ber samkvæmt lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 4.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirliti félagsmálaráðuneytis voru fengnar upplýsingar um skipulag og verkferla.

Skrifstofa barna- og fjölskyldumála annast gerð samninga og ráðstöfun fjárheimildar í samráði við yfirstjórn ráðuneytisins og skrifstofu fjárlaga og rekstrar.

Gerð rekstraráætlana og dreifing fjárheimilda innan ársins fer fram á skrifstofu fjárlaga og rekstrar í samráði við fjármálaráðuneyti. Ákvarðanir um skiptingu nokkurra fjárlagaliða eru teknar í samráði við ráðherra, ráðuneytisstjóra og fagskrifstofur. Haldið er utan um fjárheimildir á hverju fjárlagaviðfangi.

Eftirlit ráðuneytisins með safnliðum er með sama hætti og eftirlit með öðrum fjárlagaliðum. Mánaðarlega til ársfjórðungslega er farið yfir stöðu allra fjárlagaliða er heyra undir ráðuneytið á fundum ráðherra með

skrifstofustjórum. Þá eru ársfjórðungslega teknar saman upplýsingar um alla fjárlagaliði og frávik útskýrð.

Reikningar eru staðfestir af viðkomandi starfsmönnum í ráðuneytinu áður en þeir eru sendir til greiðslu hjá Fjársýslu ríkisins.

Við endurskoðun var úrtak fylgiskjala og skráning afgangi skoðað og var ekki annað séð en að farið væri eftir verkferlum og skráning og skjölun gagna í góðu horfi. Innra eftirlit reyndist almennt vera í lagi. Skipurit er til fyrir ráðuneytið. Ráðuneytið er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

### 4.3 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun á virkni innra eftirlits félagsmálaráðuneytis vegna fjárlagaliðarins er án ábendinga.



## 5 Endurskoðun rekstrarliða

Tafla 2 Samanburður á rekstri milli ára og við fjárheimild

Í þús. kr.	Rekstur 2019	Rekstur 2018	Frávik milli ára	Fjárveiting 2019	Frávik frá fjárveit.
<b>110 Kostnaður um félagsþjón. sveitarfél.</b>	<b>144.984</b>	<b>268.402</b>	<b>-123.418</b>	<b>331.000</b>	<b>186.016</b>
Önnur rekstrargjöld	43.230	61.054	-17.824	0	-43.230
Rekstrartilfærslur	101.754	207.348	-105.594	331.000	229.246
<b>121 Fjölskyldumál, ýmis verkefni</b>	<b>298.498</b>	<b>45.473</b>	<b>253.025</b>	<b>295.900</b>	<b>-2.598</b>
Launagjöld	12.027	0	12.027	65.000	52.973
Önnur rekstrargjöld	73.987	25.430	48.557	200.900	126.913
Rekstrartilfærslur	212.484	20.043	192.441	30.000	-182.484
<b>142 Samn. um aðstoð við þolendur ofbeldis og rekstur athvarfa</b>	<b>231.300</b>	<b>0</b>	<b>231.300</b>	<b>231.300</b>	<b>0</b>
Önnur rekstrargjöld	22.497	0	22.497	56.700	34.203
Rekstrartilfærslur	208.803	0	208.803	174.600	-34.203
<b>149 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna</b>	<b>629.295</b>	<b>267.931</b>	<b>361.364</b>	<b>596.900</b>	<b>-32.395</b>
Launagjöld	3.764	19.048	-15.284	1.900	-1.864
Önnur rekstrargjöld	237.985	17.906	220.079	581.200	343.215
Rekstrartilfærslur	387.546	230.977	156.569	13.800	-373.746
<b>196 Velferðarstyrkir á sviði félagsmála</b>	<b>192.371</b>	<b>198.190</b>	<b>-5.819</b>	<b>194.100</b>	<b>1.729</b>
Önnur rekstrargjöld	356	0	356	0	-356
Rekstrartilfærslur	192.015	198.190	-6.175	194.100	2.085
<b>198 Ýmis framlög velferðarráðuneytis</b>	<b>0</b>	<b>85.178</b>	<b>-85.178</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
Önnur rekstrargjöld	0	12.324	-12.324	0	0
Rekstrartilfærslur	0	72.854	-72.854	0	0
<b>Samtals</b>	<b>1.496.448</b>	<b>865.174</b>	<b>631.274</b>	<b>1.649.200</b>	<b>152.752</b>

\*Tölur fyrir árið 2018 voru á fjárlagaviðfangi 08-398 en fjárlagaviðfang 142 var áður á fjárlaganúmeri 08-870.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2019 námu útgjöld að frádregnum rekstrargjöldum 1.496,5 m.kr. sem er 152,8 m.kr. lægra en fjárveitingar ársins.

Almennt gildir um þessi fjárlagaviðföng að árleg útgjöld eiga að vera innan ramma fjárlaga. Undantekning er viðfangið 110 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr.40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

### 5.1 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga /110)

Rekstrarútgjöld vegna kostnaðar skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga nam 145 m.kr. á árinu samanborið við 268,4 m.kr. árið 2018. Rekstrarútgjöld voru 186 m.kr. innan fjárheimilda en fjárveiting vegna félagsþjónustu sveitarfélaga nam 331 m.kr. fyrir árið 2019.

Fjárheimild þessa fjárlagaviðfangs er ætluð til endurgreiðslu á veittri fjárhagsaðstoð sveitarfélaga við erlenda ríkisborgara sem ekki eiga lögheimili á landinu eða lögheimili skemur en tvö ár. Undir þetta viðfang hafa einnig fallið greiðslur vegna barna án forsjáraðila eða fylgdarlausra barna sem til landsins hafa komið sbr. 15. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Greitt er skv. framlögðum reikningum frá sveitarfélögum enda fylgi þeim staðfesting frá þjóðskrá um skráningu lögheimilis.

Á árinu fengu Reykjanesbær, Hafnarfjörður og Kópavogur hæstu greiðslurnar þ.e. frá 24 m.kr. og upp í 50 m.kr., þá fengu Garðabær, Akureyri og Súðavíkurreppur einnig greitt.

Skoðaðir voru reikningar frá sveitarfélögunum og beðið um upplýsingar um sundurliðun á kostnaðinum. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu fá þau ekki upplýsingar um sundurliðun á kostnaði vegna þessara reikninga þar sem um viðkvæm persónugreinanleg gögn er að ræða. Gögnin eru vistuð í málaskrá ráðuneytisins.

Starfsmaður Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar hjá ráðuneytinu yfirfer gögnin og sér svo um samþykkt reikninganna á grundvelli gagnanna og kemur reikningunum til bókhalds þar sem þeir eru greiddir. Gögnin sem um ræðir samanstanda aðallega af yfirliti á Excel formi þar sem m.a. nöfn notenda þjónustunnar koma fram ásamt afriti af hreyfingalistum úr bókhaldi sveitarfélaga sem borin eru saman við yfirlitið.

Við endurskoðun var þetta ferli ekki skoðað nánar.

## 5.2 Fjölskyldumál, ýmis verkefni (121)

Kostnaður við Fjölskyldumál, ýmis verkefni nam 298,5 m.kr. á árinu 2019 samanborið við 45,5 m.kr á árinu undan sem er hækkun um 253 m.kr. Rekstrarútgjöld voru 2,6 m.kr. umfram fjárveitingar ársins. en fjárveiting vegna liðarins nam 295,9 m.kr. fyrir árið 2019.

Launakostnaður nam 12 m.kr. en fjárveiting vegna launakostnaðar nam 65 m.kr.

Á þessu fjárlagaviðfangi eru fjárheimildir til greiðslu samninga við félagasamtök og sveitarfélög er varða barna- og fjölskyldumál sem og til ýmissa verkefna er tilheyra framkvæmdaáætlun í málefnum barna. Skrifstofa barna- og fjölskyldumála annast gerð samninga og ráðstöfun fjárheimildar

í samráði við yfirstjórn ráðuneytisins og skrifstofu fjárlaga og rekstrar. Þá staðfesta starfsmenn á skrifstofu barna- og fjölskyldumála réttmæti greiðsluskjala áður en slík skjöl eru send af skrifstofu fjárlaga og rekstrar til Fjársýslunnar.

Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn á viðfanginu á árinu var kaup á þjónustu af Kópavogsbæ að fjárhæð 34,7 m.kr. vegna samnings við Kópavogsbæ um yfirtöku á þjónustu við íbúa fyrrum Kópavogshælis með því að taka við rekstri heimilis þeirra frá og með 1. janúar 2020. Samningurinn var gerður í desember 2019 með gildistíma frá og með 1. janúar 2020. Heildarupphæð samningsins var 169,3 m.kr. fyrir árið þannig að 34,7 m.kr. eingreiðsla átti að greiðast í byrjun janúar 2020 og síðan 11,2 m.kr. á mánuði eða 134,6 m.kr á ári. Eingreiðslan var greidd og gjaldfærð í lok ársins 2019. Bent er á að hér er um ranga lotun að ræða þar sem kostnaðurinn fellur til á árinu 2020 og hefði því átt að gjaldfærast á því ári.

Aðrir stórir liðir bókaðir á þetta viðfang eru ýmsir styrkir til félagasamtaka, t.d. 40 m.kr. til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar vegna Tinnu verkefnis sem miðar að fjárhagsaðstoð til einstæðra foreldra, 21,7 m.kr. til Unicef á Íslandi, 25 m.kr. til Pieta samtakanna og 29 m.kr. til Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir þrjú verkefni.

Um er að ræða ýmis verkefni sem ekki er sótt sérstaklega um styrki fyrir.

Skoðuð voru gögn og samningar og fengnar viðbótarupplýsingar frá ráðuneytinu vegna þessara styrkja. Skoðun var án athugasemda.

## 5.3 Samningur um aðstoð við þolendur ofbeldis og rekstur athvarfa (142)

Kostnaður við samninga um aðstoð við þolendur ofbeldis og rekstur athvarfa nam 231,3 m.kr. á árinu 2019 sem er sami kostnaður og fjárveiting

gerði ráð fyrir. Á árinu 2018 var sambærilegur kostnaður 188,6 m.kr. en var þá færður á fjárlaganúmer 08-870.

Á fjárlagaviðfanginu eru fjárveitingar vegna samninga við nokkur félagsamtök og Reykjavíkurborg, um rekstur athvarfa og þjónustu við þolendur ofbeldis.

Framlög in á árinu voru eftirfarandi: Til Kvennaathvarfs samtals 78,5 m.kr., til Stígamóta 79 m.kr., til Reykjavíkurborgar 35,8 m.kr., til Bjarkarhlíðar 20 m.kr. og til Aflsins fóru 18 m.kr.

Þetta eru allt framlög frá félagsmálaráðuneytinu til félagsamtaka á grundvelli samninga.

Framlög in eru greidd samkvæmt greiðsluáætlunum sem skrifstofa fjárlaga og rekstrar útbýr og sendir til Fjárslu með beiðni um mánaðarlegar greiðslur. Gerð samninga er á ábyrgð skrifstofu barna- og fjölskyldumála.

Tekið var úrtak og óskað eftir viðeigandi samningum, þeir voru skoðaðir án athugasemda. Ekki fékkst samningur við Bjarkarhlíð þar sem fjárheimildin var flutt til félagsmálaráðuneytisins en það framlag kom í gegnum aðgerðaáætlun dómsmálaráðuneytisins og var samþykkt af ríkisstjórn í upphafi kjörtímabils.

Þá var óskað eftir greinargerð um stöðu verkefnis og notkun fjármuna, sem Reykjavíkurborg átti að senda samkvæmt samkomulagi um styrk við félagsmálaráðuneytið. Rekstrarreikningur varðandi notkun fjármuna var skoðaður án athugasemda en greinargerð um stöðu verkefnis og hverjir hefðu nýtt sér úrræði er ekki gefið út þar sem það varðar persónuvernd.

#### 5.4 Innflytjendur og móttaka flóttamanna (149)

Rekstrarútgjöld vegna Innflytjendaráðs og móttöku flóttamanna nam 629,3 m.kr. á árinu samanbórið við 267,9 m.kr. árið 2018. Rekstrarútgjöld voru 32,4 m.kr. umfram fjárheimildir en fjárveiting vegna ársins 2019 nam 596,9 m.kr.

Önnur rekstrargjöld á árinu eru mun lægri en fjárveiting gerir ráð fyrir og rekstrartilfærslur mun hærri en fjárveiting. Bent er á að laga mætti skiptingu á milli tegundaflokka fjárlaga.

Á þessu fjárlagaviðfangi er haldið utan um fjárheimildir vegna móttöku kvótaflóttamanna, starfsemi flóttamannaráðs og innflytjendaráðs. Þá er þar haldið utan um styrki samkvæmt framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda og þróunarsjóð innflytjendamála, sbr. lög um málefni innflytjenda, nr. 116/2012.

Launaheimild liðarins er ætluð til greiðslu á þóknun fyrir setu í flóttamannaráði. Samtals voru launagreiðslur 3,8 m.kr., þar af voru 1,5 m.kr. millifærðar af aðalskrifstofu ráðuneytis vegna starfsmanns á skrifstofu barna- og fjölskyldumála og 2,2 m.kr. voru vegna nefndarlauna.

Skrifstofa barna- og fjölskyldumála ákvarðar skiptingu á þessari fjárheimild og annast gerð þjónustusamninga við sveitarfélögin.

Hæstu framlög in á viðfanginu eru framlög til Rauða krossins samtals að fjárhæð 170,8 m.kr. Framlög in eru samkvæmt samningum velferðaráðuneytisins og Rauða krossins á Íslandi vegna aðstoðar og þjónustu við kvótaflóttamenn og einstaklinga sem fengið hafa alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum á Íslandi. Annars vegar er um að ræða uppgjör kostnaðar janúar-desember 2019 og hins vegar uppgjör kostnaðar fyrir árið 2018. Ekki er hægt að segja til um hve margir einstaklingar sem koma hingað á eigin vegum fá alþjóðlega vernd og því ekki hægt að gera

samninga við Rauða krossinn sem byggja á ákveðnum fjöldataölum líkt og gert er við sveitarfélög.

Afrit af uppgjörum ásamt samningi við Rauða krossinn voru yfirfarin án athugasemda.

Samtals voru 258,8 m.kr. sem fóru til sveitarfélaga vegna móttöku flóttafólks. Þar af fóru 70,6 m.kr. til Blönduóssbæjar, 59,8 m.kr. til Garðabæjar, 77,3 m.kr. til Húnaþings vestra og 56,9 m.kr. til Mosfellsbæjar. Samningar við sveitarfélögin fjalla um flóttafólk sem kemur í boði stjórnvalda í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Samningar við öll sveitarfélögin um móttöku, aðstoð og þjónustu við hópa flóttafólks eru eins og byggja á sama kostnaðarlíkani.

Samningar við Garðabæ og Húnaþing Vestra ásamt samningi við Blönduósbæ voru skoðaðir. Óskað var eftir fylgiskjali 1 með kostnaðarliðum sem vísað var í í samningnum við Blönduósbæ. Í samningnum við Blönduósbæ kom fram að kostnaðarstaða verkefnis ætti að vera endurskoðuð að 12 mánuðum liðnum og að samningsaðilar gætu hvor um sig óskað eftir að kostnaðarliðir yrðu endurmetnir. Samkvæmt svörum frá ráðuneytinu varð töf á verkefninu þar sem ein fjölskylda kom seinna til landsins og kostnaðarstaðan hafði þá ekki borist ráðuneytinu en búist var við að endurmeta þyrfti ákveðna kostnaðarpætti.

Kaup á þjónustu af Vinnumálastofnun var 67,6 m.kr. Ekki var neinn samningur vegna þeirra greiðslna. Þær koma til þar sem nefnd sem skipuð var af félagsmálaráðherra er með það hlutverk að koma með tillögur að fyrirkomulagi varðandi samræmda móttöku flóttafólks í samræmi við framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Eftir tillögur frá nefndinni var Vinnumálastofnun falið að annast íslensku- og samfélagsfræðslu og ráðgjöf varðandi atvinnuleit, virkniúrræði og náms- og starfsráðgjöf fyrir flóttafólk

þeim að kostnaðarlausu. Greiðslurnar byggja á fjárhagsáætlun í minnisblaði til ríkisstjórnarinnar með mati á kostnaði við að fela Vinnumálastofnun þetta hlutverk og voru þá áætlaðar 25 m.kr. vegna starfsmannakostnaðar og 42,6 m.kr. vegna íslensku- og samfélagsfræðslu fyrir hópinn. Vinnumálastofnun sendi reikninga annars vegar að fjárhæð 25 m.kr. og hins vegar 42,6 m.kr. til félagsmálaráðuneytisins, þess má geta að þeir reikningar voru án sundurliðunar.

## 5.5 Velferðarstyrkir á sviði félagsmála (196)

Útgjöld vegna velferðarstyrkja á sviði félagsmála námu 192,4 m.kr. á árinu 2019 sem er lækkun um 5,8 m.kr. frá fyrra ári. Rekstrarútgjöldin voru 1,7 m.kr. lægri en fjárveiting ársins.

Á þessu fjárlagaviðfangi er fjárheimild til velferðarstyrkja. Auglýst er eftir umsóknum um styrki frá félagasamtökum til verkefna sem heyra undir málefnasvið ráðuneytisins. Reglur um úthlutun styrkja eru á vef ráðuneytisins.

Í reglunum kemur fram að ráðherra úthlutar styrkjum einu sinni á ári að fenginni tillögu þriggja manna starfshóps sem ráðherra hefur skipað úr félagsmálaráðuneytinu. Hlutverk starfshópsins er að meta styrkhæfi umsókna og gera tillögur til ráðherra um veitingu styrkja. Ráðherra tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli framkominna tillagna.

Eftir hverja úthlutun þá birtir ráðuneytið frétt um úthlutunina á vef ráðuneytisins þar sem allir styrkþegar, upplýsingar um verkefni og upphæðir styrkja koma fram.

Félagasamtök sem hljóta styrki á fjárlögum eða eru með samninga við ráðuneytið eða stofnanir þess, vegna skilgreindra verkefna, geta ekki sótt um styrki af safnliðum fjárlaga fyrir sömu verkefni.

Þó nokkur félagasamtök fengu styrki á fjárlögum á þessum lið. Þá er um að ræða mánaðarlegar greiðslur í 10 mánuði til þeirra. Slíkir styrkir voru frá 3 m.kr. upp í 18 m.kr. Þau félagasamtök sem fengu 10 m.kr. eða meira, þ.e. 1 m.kr. eða meira á mánuði í 10 mánuði voru: Félag heyrnarlausra, Drekaflóð Líknarfélag, Geðhjálp, Vímulaus æska – Foreldrahús, Sjónarhóll, og Proskahjálp, landssamtök.

Gerð samninga við styrkþega er í umsjón starfsmanns á skrifstofu barna- og fjölskyldumála. Samningum er svo komið til skrifstofu fjárlaga og rekstrar sem annast gerð greiðsluskjals sem fer til Fjársýslu ríkisins.

Skoðuð voru gögn að baki nokkrum þessara greiðslna sem innihéldu samkomulag um styrki af safnliðum fjárlaga á sviði félagsmála, án athugasemda.

## 5.6 Ýmis framlög velferðarráðuneytis (198)

Það var ekki sams konar viðfang á árinu 2019. Þessi liður var áður undir fjárlaganúmeri 08-398.

## 5.7 Niðurstöður/ábendingar

Við endurskoðun rekstargjalda liðarins var tekið úrtak af útgjöldum og óskað eftir gögnum þegar þau vantaði. Almennt voru samningar og gögn bakvið flesta kostnaðarliði og skýringar fengust á þeim atriðum sem óskað var eftir.

Eftirfarandi ábendingar eru gerðar:

Gerð er athugasemd við ranga lotun á greiðslu samkvæmt samningi við Kópavogsbæ. Um var að ræða kostnað sem féll til á árinu 2020 sem var greiddur og gjaldfærður í lok ársins 2019. Gildistími samningsins var frá og með 1.janúar 2020.

Bent er á að laga mætti skiptingu á milli tegundaflokka fjárlaga á viðfanginu 149 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna.

## 6 Endurskoðun efnahagsliða

Í lok árs 2019 námu eignir 834,4 m.kr., skuldir námu 563,6 m.kr. og höfuðstóll nam 270,8 m.kr.

**Tafla 3 Efnahagsreikningur 31. desember 2019**

Í þús. kr.	31.12 2019	31.12 2018	Breyting
<b>Eignir</b>			
Ríkissjóður	834.411	432.692	401.719
<b>Eignir alls</b>	<b>834.411</b>	<b>432.692</b>	<b>401.719</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
Höfuðstóll	270.815	143.477	127.338
Skuldir	563.597	289.216	274.381
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>834.412</b>	<b>432.693</b>	<b>401.719</b>

### 6.1 Eignir

#### 6.1.1 Ríkissjóður

Inneign hjá ríkissjóði í árslok nam 834,4 m.kr. samanborið við 432,7 m.kr. í árslok 2018.

### 6.2 Eigið fé og skuldir

#### 6.2.1 Höfuðstóll

Í árslok 2019 var eigið fé fjárlagaliðarins 270,8 m.kr. og hækkar um 127,3 m.kr. frá fyrra ári eða sem nemur afkomu ársins 152,8 m.kr. og breytingum á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins til lækkunar um 25,4 m.kr.

#### 6.2.2 Skuldir

Skuldir í árslok námu 563,6 m.kr. Þar er stærsti hlutinn eða 287,3 m.kr. viðskiptaskuldir, ýmsar skammtímaskuldir námu 193,6 m.kr. og skuldir við tengda aðila námu 82,7 m.kr. Af heildarskuldum í árslok voru 1,9 m.kr. vegna orlofsskuldbindinga.

Eftirstöðvalisti viðskiptaskulda var yfirfarinn og gengið úr skugga um að allar viðskiptaskuldir sem voru samtals 561 m.kr. í árslok 2019 voru greiddar í upphafi árs 2020.

Staða í AP var í samræmi við stöðu í fjárhagsbókhalda.

### 6.3 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun efnahagsliða er án athugasemda.

## 7 Önnur atriði

### 7.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur fjárlagaliðarins 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi var rafrænt undirritaður af skrifstofustjóra fjárlaga og rekstrar í félagsmálaráðuneytinu þann 1. september 2020.

### 7.2 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til ráðuneytisins af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af skrifstofustjóra fjárlaga og rekstrar í félagsmálaráðuneytinu þann 1. september 2020.

### 7.3 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi fjárlagaliðar fyrir árið 2019 og samkvæmt staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi fjárlagaliðinn.

### 7.4 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá fjárlagalið 07-999.



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 448-8800

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)